

**Nd.**

**487. Frumvarp til laga**

[235. mál]

um breyting á lögum nr. 63 21. maí 1974 um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982-83.)

1. gr.

Fyrri málsgr. 3. gr. orðist þannig:  
Grunnskóli er níu ára skóli.

2. gr.

Í 4. gr. falli brott orðin: fyrir 7—10 ára börn.

3. gr.

Í 10 gr. falli brott orðin:

Heimilt er ráðherra að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þúsund íbúum eða fleiri, ef sveitarstjórn óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi. Í slíkum tilvikum fer sveitarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka samkv. lögum þessum.

4. gr.

11. gr. orðist svo:

Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af hlutaðeigandi sveitarfélögum eða samtökum þeirra og ákveða þau fjölda fulltrúa í fræðsluráði samkvæmt framsögðu. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Í Reykjavík kýs borgarstjórn fræðsluráð.

Í reglugerð skal kveðið á um fundi fræðsluráðs, um fundarsetu skólastjóra, fulltrúa kennara og fulltrúa samtaka sveitarfélaga. Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

Í reglugerð skal kveðið á um fundi fræðsluráðs með skólastjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

5. gr.

1. mgr. 12. gr. orðist svo:

1. Það er fulltrúi sveitarfélaga um framkvæmd skólahalds í fræðsluumdæminu.

Brott fellur 5. töluliður og númeraröð annarra tölulíða breytist í samræmi við það.

6. gr.

4. tölul. 14. gr. orðist þannig:

4. Hann hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgist með árangri skólastarfs, hvort tveggja í samráði við menntamálaráðuneytið. Hann kynnir sér einnig starfsskilyrði skóla, þ. e. aðstöðu til kennslu og náms, svo og aðbúnað nemenda.

Við bætist 9. liður svohljóðandi:

9. Hann skal skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukennara að fengnum tillögum hlutadeigandi skólastjóra. Ráðuneytið setur leiðsögukennurum erindisbréf að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands.

7. gr.

15. gr. orðist þannig:

Samtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofum stað, en háð er sú ákvörðun samþykki menntamálaráðuneytis.

Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu og ræður hann starfsfólk skrifstofunnar að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er fræðsluráði að semja svo við samtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög, að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi full greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðsluráði heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga að skrifstofa þeirra eða einstakra starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til.

8. gr.

20. gr. orðist svo:

Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara og skólaráð undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar, eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði, er skóli starfar, ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla.

Almennur kennarafundur getur í upphafi hvers skólaárs kosið þriggja manna kennararáð, sem er skólastjóra til ráðuneytis um daglega stjórn skólans. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Nú greinir skólastjóra og kennara eða kennararáð á um meðferð tiltekins máls og skal þá vísa málinu til skólanefndar. Ef samkomulag tekst ekki, má vísa málinu til fræðslustjóra, er fellir úrskurð um það. Ákvörðun skólastjóra gildir, uns úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir, nema samkomulag hafi orðið um annað.

Í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum umsögnum fræðsluráða, skal nánar kveðið á um framkvæmd þessarar greinar. Þar má m. a. ákveða starfsmannafundi við heima- vistar skóla.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Auk þess skal boða til slíks fundar, ef þriðjungur fastráðinna kennara æskir þess.

9. gr.

21. gr. orðist svo:

Skylt er starfsmönnum skóla að efla sem mest samstarf skóla og heimila, m. a. með því að kennarar miðli fræðslu um skólamál til foreldra í skólahverfinu og veiti upplýsingar um starfið í skólanum.

Nú óska foreldrar sem börn eiga í grunnskóla, skólastjóri eða almennur kennarafundur eftir að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli heimila og skóla og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar foreldrafélags.

Foreldrafélag setur sér samþykktir til að starfa eftir og heldur gerðabók.

Heimilt er nemendum grunnskóla að stofna nemendaráð sem vinni m. a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og sé skólanum til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda.

Nemendaráð hvers skóla setur sér samþykktir til að starfa eftir og heldur gerðabók.

Setja skal leiðbeinandi reglur um hlutverk og starfsskipan foreldrafélags og nemendaráðs.

10. gr.

22. gr. verði þannig.

Við hvern grunnskóla er heimilt að stofna skólaráð sem sé ráðgefandi um stjórn skólans, starfshætti hans og þróun. Skólaráð fjalli m. a. um skólareglur, skólatíma og stundaskrár, félagslíf skólans, námsmat, nýtingu húsnæðis og hvað eina er varðar daglegan rekstur skólans.

Fulltrúar í skólaráð skulu valdir við upphaf skólaárs til eins árs í senn.

Skólaráð skipa: skólastjóri eða staðgengill hans, tveir fulltrúar kennara, tveir nemendur, tveir af hálfu foreldra, einn fulltrúi úr hópi starfsmanna skólans annarra en kennara og einn fulltrúi skólanefndar. Skólaráð kys sér formann, ritara og varaformann. Það skal halda gerðabók. Fundir skulu haldnir eigi sjaldnar en þrisvar á hverju skólaári og oftast ef þurfa þykir. Skylt er fræðslustjóra, fulltrúa hans eða fulltrúa fræðsluráðs að mæta á fundi skólaráðs er ráðið óskar þess. Menntamálaráðuneytið setur skólaráði erindisbréf.

11. gr.

Á eftir 1. mgr. 26. gr. komi ný málsgrein, svofelld:

Tillöguuppdráttir að gerð skólamannvirkja skulu kynntir opinberlega í viðkomandi skólahverfi.

12. gr.

27. gr. orðist þannig:

Um listskreytingu skólamannvirkja fer eftir lögum nr. 34/1982 um listskreytingasjóð ríkisins.

13. gr.

28. gr. orðist svo:

Eðlilegt viðhald skólahúsa og skólahúsgagna, svo og kaup og endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt að mati fræðslustjóra og skólastjóra. Verði ágreiningur, sker ráðuneytið úr.

Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð hvaða búnaður og kennslutæki skulu verá í skólum miðað við stærð og hlutverk.

14. gr.

Upphaf 1. mgr. 29. gr. orðist þannig:

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar með taldur skólastjóra- og kennarabústaðir . . .

Upphaf 3. mgr. verði: Sveitarstjórn getur . . .

15. gr.

31. gr. orðist þannig:

Í grunnskóla, sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið yfirkennara. Um embættisgengi yfirkennara gildir hið sama og um skólastjóra.

Starf yfirkennara skal auglýst á sama hátt og gerist um störf skólastjóra og kennara.

Menntamálaráðuneytið skipar eða setur yfirkennara við skóla, sem starfar samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og fræðslustjóra.

Þar sem grunnskóli starfar í tveimur eða fleiri einingum, sem aðstæðna vegna eru ekki í sama byggðarlagi, er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu skólanefndar, skólastjóra og fræðslustjóra, að ráða yfirkennara, þótt forsendur þær, sem greindar eru í 1. mgr., séu ekki fyrir hendi.

Yfirkennari er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans að skólastjórnarstörfum.

Í skólum, sem hafa færri kennara en um getur í 1. málsgrein, fer sá kennari með skólastjórn í forföllum skólastjóra, er hann kveður til. Um þóknun fyrir slík störf fer eftir kjarasamningum. Sé þó fyrirjáanlega um að ræða lengri forföll en tvo mánuði, gerir skólanefnd tillögu til menntamálaráðuneytisins um ráðningu í starfið.

16. gr.

Aftan við 2. mgr. 32. gr. bætist: þessara laga og lög nr. 51/1978.

3. mgr. fellur brott.

17. gr.

34. gr. orðist svo:

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunnskóla. Ennfremur ræður skólastjóri með samþykki sveitarstjórnar eða skólanefndar í hennar umboði starfsfólk til að annast vörslu í heimavist og umsjón með félagsstörfum nemenda, svo og starfsfólk mótuneytis. Sveitarstjórn ræður með samþykki skólastjóra, skólaritara, húsvörð, skólabílstjóra og annað starfsfólk er hún telur þörf á.

18. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist þannig:

Um setningu og skipun kennara fer eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og lögum nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra.

19. gr.

41. gr. orðist svo:

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 9 mánuðir á hverju skólaári er hefst 1. september og lýkur 31. maí.

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur menntamálaráðuneytið að fengnum meðmælum fræðslustjóra veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum. Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna sé fullnægt með sumarskóla, getur menntamálaráðuneytið heimilað það, að fenginni umsögn fræðslustjóra.

Skipan þessara mála skal nánar ákveðin með reglugerð.

20. gr.

J- og k-liðir 42. gr. falla brott svo og 1. mgr. þar á eftir.

Þess í stað kemur svofelld málsgrein:

Þátttöku í atvinnulífinu skal skipuleggja sem hluta náms í grunnskóla, svo og vettvangsferðir.

Veita skal nemendum námsráðgjöf, starfsfræðslu, kynlífsfræðslu, umferðarfræðslu, fræðslu um jafnréttismál, fjölmiðlun, ávana- og fíkniefni og ýmsar valgreinar í grunnskóla.

Í stað næstsíðustu mgr. kemur:

Ráðuneytið gefur út leiðbeiningar um kennslu nemenda með sérþarfir, sbr. 50. og 51. gr.

21. gr.

Í lok 1. mgr. 43. gr. falla niður orðin: eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 77. gr.

Í lok 3. mgr. falla niður orðin: og lækkar við það að sama skapi kennsluskylda þeirra.

22. gr.

Á eftir 2. mgr. 44. gr. (um vikulegan kennslutíma) kemur:

Þar sem forskóladeildir starfa við grunnskóla skal vikulegur kennslutími vera sem næst 600—800 mínútur á viku.

23. gr.

45. gr. orðist svo:

Í grunnskóla skal jólaleyfi veitt í því sem næst tvær vikur, samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins og páskaleyfi frá pálmásunnudegi til og með þriðjudags eftir páska. Að öðru leyti skulu leyfis dagar ákveðnir í reglugerð.

24. gr.

1. mgr. 46. gr. orðist svo:

Eftir að frá hafa verið taldir sérþekkir fyrir nemendur, sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 50. og 51. gr., skal við það miðað að meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla verði sem næst 24, þó aldrei hærra en 28. Nemendafjöldi í einstökum bekkjardeildum fari ekki yfir 30.

Menntamálaráðuneytið getur, sbr. 42. gr., sett ákvæði í aðalnámsskrá grunnskóla, er heimili skólum að skipta almennum bekkjardeildum í smærri hópa, þegar tilteknir námsþættir eru kenndir.

Þegar kennarar vinna saman að kennslu námshópa, er heimilt að leysa upp að nokkru deilda- og bekkjaskipan og kenna nemendum saman, ýmist í smærri eða stærri hópum, enda skerði sú tillögun eigi námsefni það, sem kenna ber.

25. gr.

Í 1. mgr. 47. gr., innan sviga, komi: (1.—7. bekkjar).

26. gr.

48. gr. orðist svo:

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi, má meðalfjöldi nemenda í aldursflokki ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

27. gr.

Í 51. gr. a-, c- og d-lið bætist orðið: kennara, aftan við orðin: börn, sem að dómi . . .

28. gr.

Í stað fyrri mgr. 57. gr. komi:

Námsmat í grunnskóla skal að jafnaði framkvæmt af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr., og skulu nemendur stöðugt fá glöggar upplýsingar um námsárangur. Kennarar skulu a. m. k. gefa vitnisburð í lok hvers námsáfanga.

29. gr.

58. gr. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið leggur skólunum til samræmd próf eða könnunarpróf. Skal einkum við það miðað, að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins.

Kveða skal nánar á um fyrirkomulag prófanna í reglugerð.

Ráðuneytið veitir einnig sérfræðilegar leiðbeiningar um, hvernig skólarnir geti sem réttast metið námshæfni og námsárangur nemenda og gefið sem gleggstar umsagnir og upplýsingar um þá.

30. gr.

59. gr. orðist svo:

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini, er votti, að hann hafi lokið því.

Jafnframt skal nemandinn fá vitnisburðarblað þar sem skráðar eru valgreinar hans, úrslit samræmdra prófa og vitnisburður skólans í öllum námsgreinum.

31. gr.

60. gr. hljóði svo:

Í reglugerð skal kveða á um fjölda þeirra daga sem heimilt er að verja til námsmats skv. 57. og 58. gr.

32. gr.

62. gr. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsókna- og tilraunastarf í skólum, mat og endurskoðun námsmarkmiða og námsefnis, námsmat, endurskoðun námskrár, undirbúning í samvinnu við Námsgagnastofnun að útgáfu nýrra námsgagna í þeim námsgreinum, sem ráðuneytið hefur til endurskoðunar, kennslufræðilegt leiðbeiningarstarf og tillögugerð um kennaranámskeið og nýjungar í kennaranámi í samvinnu við stofnanir, sem veita kennaramenntun.

33. gr.

66. gr. orðist svo:

Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta skal starfa í hverju fræðsluumdæmi landsins sem sérstök deild í fræðsluskrifstofu.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðipjónustu samkv. lögum þessum.

Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta starfar fyrir grunnskóla.

Heimilt er ráðgjafar- og sálfræðipjónustu að miða störf sín einnig við nemendur sem eru yngri eða eldri en sem nemur skólaskyldualdri, eftir því sem ástæða þykir til vegna varnaðarstarfs eða eftirverndar.

Heimilt er að tryggja þjónustu ráðgefandi læknis og annarra sérfræðinga.

Ákveða skal í reglugerð hver skuli vera lágmarkspjónusta á sviði ráðgjafar- og sálfræðipjónustu.

34. gr.

67. gr. orðist þannig:

Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta grunnskóla skal styðja einstaka skóla í viðleitni þeirra til að bæta starfshætti sína og auka varnaðarstarf. Hún skal vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi og vinna að því að sálfræðileg og uppeldisfræðileg þekking nýtist skólunum á sem flestum sviðum.

Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta skal veita foreldrum og kennurum ráðgjöf og fræðslu varðandi uppeldi, nám og kennslu en jafnframt vera nemendum til ráðgjafar og aðstoðar. Hún annast athuganir á nemendum sem eiga í erfiðleikum eða nýtast ekki hæfileikar til náms, starfs eða þroska, tekur til meðferðar nemendur sem sýna merki geðrænna erfiðleika og leiðbeinir um meðferð þeirra eða vísar á videigandi meðferðarúrræði.

Ráðgjafar- og sálfræðipjónustan skal sem mest samþætt starfi grunnskóla og skal skipuleggja starfið í samvinnu við skólastjórn, kennara og annað starfslið skólans.

35. gr.

68. gr. orðist svo:

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan lýtur stjórn fræðslustjóra, sem skipuleggur störfin í samráði við skólastjóra.

Fulltrúi ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar á rétt á að sitja fundi fræðsluráðs og skólanefndar þegar fjallað er um starfsemi ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar eða skyld mál, svo og hliðstæða fundi sem fræðslustjóri boðar til með skólastjórum og kennurum.

36. gr.

69. gr. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, lætur í té faglegar leiðbeiningar og annast sérfræðilega umsjón með starfseminni. Ráðuneytið hefur forgöngu um rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustu og skólamál. Skal þar lögð megináhersla á að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu til umbóta og framþróunar í almennu skólastarfi.

37. gr.

70. gr. orðist svo:

Sérmenntaðir starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu vera sálfræðingar, uppeldisfræðingar, félagsráðgjafar og sérkennarar. Sálfræðingar og félagsráðgjafar skulu hafa öðlast löggildingu, sbr. lög nr. 40/1976 um sálfræðinga og lög nr. 41/1975 um félagsráðgjöf. Um menntun og starfsreynslu uppeldisfræðinga, sérkennara svo og annarra kennslufræðilega sérmenntaðra starfsmanna er starfa kunna sem ráðgjafar, sbr. 66. gr., skal ákveða nánar í reglugerð. Menntamálaráðuneytið setur eða skipar forstöðumann sálfræðideildar að fengnum tillögum fræðslustjóra og aðra sérmenntaða starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu að fengnum tillögum forstöðumanns og fræðslustjóra.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um verksvið og framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og gefur út erindisbréf handa starfsmönnum.

38. gr.

71. gr. orðist svo:

Við grunnskóla er heimilt að ráða skólaráðgjafa er hafi umsjón með námsráðgjöf og starfsfræðslu í samvinnu við kennara. Starf þetta skal einkum miða við efstu bekk grunnskólans. Ákveðið skal með reglugerð um starfssvið skólaráðgjafa, kröfur um menntun þeirra er starfinu gegna og framkvæmd námsráðgjafar og starfsfræðslu.

39. gr.

Fyrirsögn X. kafla verði:

#### **Skólasöfn.**

72. gr. orðist svo:

Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna ásamt vinnustofu fyrir nemendur og kennara. Heimilt skal að sameina almenningubókasöfn og skólasöfn, ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Ennfremur er heimilt að setja á stofn kennslu- og skólasafnamiðstöðvar í fræðsluumdæmum í samvinnu við Námsgagnastofnun þar sem slíkt þykir henta að mati menntamálaráðuneytisins.

Að skólasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálparkjum í skólastarfinu.

Í bóka- og námsgagnasafni eru bækur og annað prentað efni, kvikmyndir, myndræmur, skyggjur, glærur, myndsegulbönd og annað myndritað efni, ennfremur hljómplötur, segulbönd og annað hljóðritað efni, svo og hvers konar tæki til flutnings á þessu efni og framleiðslu í þau.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólasafnverði.

Nánari ákvæði um skólasöfn, húsnæði þeirra, bókakost, önnur kennslugögn, starfslið og starfshætti setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

40. gr.

Í stað 56/1973 í lok 2. mgr. 73. gr. komi: 57/1978.

41. gr.

88. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins, þó eigi síðar en innan 1 árs frá gildistöku. Ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda á landinu öllu haustið 1984 hafi Alþingi ekki ákveðið annað.

Jafnframt falla úr gildi önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Í grunnskólalögum, 88. gr., segir að stefnt skuli að því að níunda ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna, þ. e. árið 1980. Framkvæmd þessa ákvæðis hefur tvisvar verið frestað með sérstakri lagabreytingu (lög nr. 41/1980 og lög nr. 39/1981). Frestun var ákveðin vegna þess að talið var eðlilegt að endanleg ákvörðun um lengd skólaskyldu héldist í hendur við afgreiðslu frumvarps til laga um framhaldsskóla. Frumvarp til laga um framhaldsskóla hefur fimm sinnum verið lagt fyrir Alþingi, þ. e. á 98. löggjafarþingi (1976/77), 99. (1977/78), 100. (1978/79), 101 (1979/80) og 104. (1981/82), en eigi orðið útrætt.

Í frumvarpinu er lagt til að skólaskyldan verði 9 ár eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

Ýmis atriði hafa verið rædd í sambandi við endurskoðun laganna svo sem hvort taka ætti upp fræðsluskyldu fyrir 6 ára börn, þ. e. að fræðsla fyrir þau stæði til boða, án þess að skylt væri að hagnýta sér hana. Hinn 20. nóvember 1979 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að kanna og gera tillögur um forskólakennslu. Nefndin skilaði álit í desember 1981 og leggur til að fræðsluskyldu verði komið á fyrir 6 ára börn, en kennslu 5 ára barna verði hætt í skóla, en gert ráð fyrir að þau eigi aðgang að dagvistarstofnunum þar sem um þær er að ræða. Ráðuneytið telur margt mæla með fræðsluskyldu fyrir 6 ára börn, en það kostar nokkra fjármuni t. d. í auknu kennaraliði og húsakosti. Hefur ráðuneytið ekki tekið ákvæði um þetta efni í frumvarpið og ekki var gerð tillaga um slíkt af hálfu endurskoðunarnefndar laganna, en hinsvegar eru sett í frv. ákvæði um aukið kennslumagn fyrir 6 ára börn að því marki sem endurskoðunarnefndin leggur til.

Þá var einnig rætt um lenging skólaskyldu úr 8 í 9 ár. Um þetta atriði eru skiptar skoðanir.



Árlegur starfstími grunnskóla er nú yfirleitt 7—9 mánuðir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sem meginreglu að skólarnir starfi í 9 mánuði og í gildandi kjarasamningum eru laun grunnskólakennara miðuð við 9 mánaða starf, einnig við þá skóla sem starfa í 8 mánuði. Nánar er rætt um þetta atriði í skýringum við 19. gr.

Í 10. gr. er heimilað að koma á fót skólaráði, sem skipað sé fulltrúum kennara, nemenda og foreldra. Er þetta gert til þess að mynda frekari umræðu- og samstarfsvettvang þessara aðila.

Í 39. gr. er ákveðið að skólasafnverðir skuli settir eða skipaðir af menntamálaráðuneytinu.

Varðandi ráðgjafar- og sálfræðipjónustu eru gerðar nokkrar breytingar og vísast til umsagnar um 33.—38. gr.

Frumvarp það sem nú er lagt fram um breyting á lögum um grunnskóla er samið í menntamálaráðuneytinu en stuðst við tillögur nefndar sem skipuð var 25. maí 1979 til þess að endurskoða lög. Í þessari nefnd áttu sæti Jónas Pálsson, formaður, Sveinn Kjartansson, fræðslustjóri og Örlygur Geirsson, deildarstjóri. Ennfremur hefur verulegt tillit verið tekið til ábendinga sem komu fram á 75 manna ráðstefnu sem menntamálaráðuneytið efndi til í Munaðarnesi 29. og 30. október 1981.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Felld er niður setningin „þar sem fram fer barna- og unglingsfræðsla“ en slík skipting í fræðslustig er ekki lengur fyrir hendi.

##### Um 2. gr.

Heimildin til að stofna útibú aðalskóla er ekki samkvæmt þessu bundin eingöngu við 7—10 ára börn.

##### Um 3. gr.

Niður fellur sú breyting sem gerð var með lögum nr. 29/1978, þ. e. heimildarákvæði þess efnis að stofna megi sérstök fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þús. íbúum eða fleiri. Breyting þessi er gerð í samræmi við álit nefndar og ráðstefnu í Munaðarnesi.

##### Um 4. gr.

Landshlutasamtök hafa ekki lagalegan grundvöll og er því talið eðlilegra að sveitarfélögin eða samtök þeirra kjósi fulltrúa í fræðsluráð, þ. m. t. borgarstjórn Reykjavíkur.

Lagt er til að nánari ákvæði um fundi, fundarboðun og starfshætti fræðsluráðs verði ákv. í reglugerð en ekki bundin í lögum eins og nú er.

##### Um 5. gr.

Að fenginni reynslu og samkvæmt eðlismálsins er vafasamt að fræðsluráð geti farið með stjórn fræðslumála í umboði menntamálaráðuneytisins sem engin áhrif hefur á kjör manna til starfa þar og í reynd hafa fræðsluráð eingöngu litið á sig sem fulltrúa heimaaðila.

Núverandi 5. töluliður um leiðsögu kennara o. fl. flyst óbreyttur í 14. gr. þar sem hann á betur heima.

Um 6. gr.

Breyting á 4. tölulið er orðalagsbreyting, þ. e. skólastarfs í stað nemenda og menntamálaráðuneytis í stað skólarannsóknadeildar.

Um 7. gr.

„Samtök sveitarfélaga“ komi í stað „landshlutasamtaka“ áður í 1. og 3. mgr. Tillaga er gerð um að fræðslustjóri (var áður fræðsluráð) ráði starfsfólk fræðsluskrifstofunnar með samþykki menntamálaráðuneytisins.

Um 8. gr.

Hér er sú breyting gerð að ákvæðinu um kennararáð er breytt í heimildarákvæði. Kennararáð hafa þegar víða sannað gagnsemi sína og fært ákvarðanatöku nær þeim sem vinna á vettvangi. Meðan nýir stjórnarhættir og samstarfsform eru að festa rætur í skólunum er allt eins heppilegt að leggja frumkvæði í þessu efni á herðar starfsmanna sjálfra. Tilkoma skólaráðs, sbr. 10. gr., kann einnig að valda vissum breytingum í stjórnun en ætti í sjálfu sér ekki að draga úr þörf kennara sem starfsmanna að móta starfshætti skóla með öflugu starfi innan kennararáðs.

Um 9. gr.

Hér eru sameinaðar 21. og 22. gr. gildandi laga, er fjalla um foreldrafélög og nemendaráð. Lögð er áhersla á aukin samskipti heimila og skóla, en þau geta orðið með ýmsum hætti. Má þar nefna fræðslu og kynningu á skólamálum almennt, upplýsingar um innra starf skólans og samstarf foreldra, kennara og nemenda.

Í kaflanum um nemendaráð er lögð áhersla á að það fjalli fyrst og fremst um eigin málefni (þ. e. málefni nemenda sjálfra) og höfð í huga þau áhrif sem nemendur geti haft á skólastarfið að öðru leyti með fulltrúum í skólaráði, sbr. 10. gr. frv.

Ekki er talin þörf á að lögbinda foreldrafélög og nemendaráð eða kveða nánar á um starfsemi þeirra sem er að mestu háð þeim áhugaefnum sem efst eru á baugi hverju sinni.

Um 10. gr.

Hér er um nýmæli að ræða.

Sú nýbreytni sem komið var á með grunnskólalögum 1974, um stofnun nemendaráða og foreldrafélaga, hefur víða ekki náð þeim tilgangi og árangri sem til var ætlast. Tilgangur með stofnun skólaráðs er sá að auka aðild nemenda og foreldra að stjórn og innra starfi skólans.

Málaflokkar þeir sem skólaráð fengi til umfjöllunar væru til að mynda skólareglur, starfstími skóla, ferðalög nemenda, félagsstörf nemenda, fyrirkomulag námsmats, fyrirkomulag skólalóðar, nýting húss og búnaðar, tilrauna- og rannsóknaverkefni, ráðstöfun starfsdaga nemenda, valgreinar, öryggi á vinnustað, brunavarnir, umferðaröryggi í nágrenni skóla, skipulag skólaaksturs o. fl.

Í umsögnum kom fram það álit að við alla grunnskóla skyldi vera skólanefnd því að óhugsandi væri að ein skólanefnd gæti fylgst með starfi og aðstöðu margra skóla, t. d. í Reykjavík. Var það fram þeirri hugmynd að samstarfsnefndir með skólastjórn, fulltrúum nemenda, foreldra, starfsfólks og annarra aðila skólans gætu komið til greina sem sá sameiginlegi vettvangur hagsmunaaðila er nú skortir. Skólaráð kemur til móts við þessar hugmyndir.

Um 11. gr.

Bætt er inn nýrri málsgrein þess efnis að almenningi skuli kynnt fyrirhuguð skólabygging. — Greinin að öðru leyti óbreytt.

Um 12. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Bætt er við ákvæði þess efnis að ráðuneytið ákveði í reglugerð búnað skóla o. fl. sem taki mið af stærð og hlutverki.

Um 14. gr.

Gerðar eru tvær breytingar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi, og til að taka af tvímæli, eru skólastjóra- og kennaraíbúðir taldar til skólamannvirkja, sem skólanefnd skal hafa umsjón og umráð yfir. Í öðru lagi er kveðið á um að sveitarstjórn í stað skólanefndar skuli heimilt að ráðstafa skólahúsnæði til gisti- og veitingarekstrar í samræmi við ákvæði 2. mgr.

Um 15. gr.

Lagt er til að um ráðningu yfirkennara fari eins og um ráðningu kennara og fjalla þá skólastjóri, skólanefnd og fræðslustjóri um umsóknir þær sem berast.

Lagt er til að sömu aðilar sem nefndir eru í 3. mgr. fjalli um hvort ráða skuli í stöðu yfirkennara þar sem skóli starfar á fleiri en einum stað í byggðarlaginu.

Fellt er brott ákvæðið um lágmarkskennsluskyldu yfirkennara því að það er samningsatriði í kjarasamningum.

Bætt er inn í síðustu mgr. „Um þóknun fyrir slík störf fer eftir kjarasamningum“. Felld er niður síðasta mgr. 31. gr.

Um 16. gr.

Vitnað er til laga nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra. Niður er felld síðasta málsgrein 32. gr. þar sem hún er óþörf, sbr. áður nefnd lög um embættisgengi.

Um 17. gr.

Þeirri meginreglu er fylgt við ráðningu starfsfólks samkv. þessari grein, að skólastjóri ráði, með samþykki skólanefndar eða sveitarstjórnar, starfsfólk sem laun fær samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna og eru því í flestum tilfellum ríkisstarfsmenn, en á hinn bóginn ráði sveitarfélög annað starfsfólk.

Um 18. gr.

Niður er felld ákvæðið um að skólastjórar og kennarar heimavistarskóla skuli ekki fá skipun fyrr en eftir tveggja ára reynslu við þau störf í slíkum skóla. Um þetta er ákvæði í lögum nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nokkuð breytt frá gildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að reglulegur starfstími skóla verði 9 mánuðir í stað 7—9 mánaða áður.

Mestur hluti nemenda í þéttbýli stundar nú nám 9 mánuði ársins. Hluti nemenda í þéttbýli og dreifbýli stundar nám 8—8½ mánuð. Skemmri árleg skólaganga en 8 mánuðir á sér hins vegar eingöngu stað hjá miklum minnihluta nemenda búsettum í dreifbýli og fer skólaganga nemenda þar allt niður í 7 mánuði á ári þótt slíkt heyri nú til undantekninga. Þróunin hefur gengið í þá átt að samræma skólagöngu nemenda með árlegri lengingu starfstíma skóla jafnhliða því sem vikulegur starfstími skóla er nú nær eingöngu 5 daga vikunnar í stað 5—6 daga áður.

Óeðlilegt verður að teljast að munur á skólagöngu nemenda eftir búsetu þeirra geti numið allt að tveim mánuðum á ári og í sumum tilfellum orðið mun meiri. Í ljósi þessa og með hliðsjón af því að oftlega hefur verið á það bent að árlegur skólatími á Íslandi sé stuttur og styttri en í flestum nágrannalöndum er hér lagt til að meginreglan verði sú að starfstími hvers skóla verði 9 mánuðir á ári.

Þá má benda á að samkvæmt kjarasamningum fá kennarar óskert árslaun án tillits til hvort kennt er 8 eða 9 mánuði. Breyting þessi hefur því ekki í för með sér aukinn kennslukostnað.

Árlega hefjist skólahald 1. september og því ljúki 31. maí. Menntamálaráðuneytinu sé hins vegar heimilt með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum að veita undanþágu frá þessari meginreglu, bæði hvað snertir starfstíma og einnig það að hluti skólahaldsins verði á sumartíma fyrir alla bekki skólans en slík heimild gildi áður eingöngu um 1.—6. bekk. Um nánari framkvæmd þessara mála skal ákveða í reglugerð.

#### Um 20. gr.

J- og k-liðir um verklegt nám og ýmsar valgreinar eru felldir brott. Efni þeirra kemur í næstu mgr. þar sem einnig eru talin ýmis viðfangsefni sem taka skal til meðferðar í grunnskóla skv. ákv. í öðrum lögum en er að jafnaði ekki ætlaður sérstakur tími á stundaskrá. Þá er breytt ákvæðinu um atvinnuþátttöku nemenda þar sem það hefur reynst óframkvæmanlegt. Efni næstsíðustu málsgreinar er breytt þar sem ekki er talið raunhæft að gefa út sérstakar námsskrár fyrir nemendur með sérþarfir til viðbótar almennum námsskrám fyrir grunnskóla.

#### Um 21. gr.

1. mgr. 43. gr. fjallar um tólmstundir og félagsstörf á vegum skóla. Með því að fella brott orðin „eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 77. gr.“ er lögð meiri áhersla en áður á þessa starfsemi, eins hafa aðstæður gjörbreytt síðan lögini tóku gildi. Tilvísun í 77. gr. fellur niður af því að gert er ráð fyrir ákvæðum þeirrar greinar í væntanlegu frumvarpi til laga um skólakostnað.

Þá er fellt niður niðurlag 3. mgr. 43. gr. um að kennsluskylda kennara lækki, sé þeim falið að annast félagsstörf í skólum. Hér er um fyrirkomulags- og samkomulagsatriði að ræða sem ekki virðist eðlilegt að binda í lögum.

#### Um 22. gr.

44. gr. er óbreytt að öðru leyti en því að bætt er inn nýju ákvæði um að vikulegur starfstími forskóladeilda skuli vera sem næst 600—800 mínútur á viku. Engin lagaákvæði eru nú í gildi um lengd vikulegs starfstíma á forskólastigi. Vikulegur starfstími er nú í reynd sem næst 400—600 mínútur á viku í þéttbýli en skemmri í dreifbýli.

Forskóli fyrir 6 ára börn (og í einstaka tilfelli einnig 5 ára) er nú rekinn á mörgum þéttbýlissvæðum sem hluti grunnskóla í viðkomandi byggðarlögum. Þetta verður að telja æskilega þróun. Þannig er líklegt að yngri börnin fái markvissara uppeldi og fræðslu en annars miðað við núverandi þjóðfélagsaðstæður og rétt að tengja þessa starfsemi við grunnskólann. Óeðlileg skil milli forskóla og grunnskóla, sem víða um lönd hafa orðið, t. d. á Norðurlöndum, þykja nú flestum ákaflega óheppileg og reynt með ýmsum aðgerðum að draga úr þeim.

#### Um 23. gr.

Í núgildandi lögum er tilgreint að jólaleyfi skuli veitt frá og með 21. desember til og með 3. janúar, þ. e. í hálfan mánuð.

Þessar ákveðnu dagsetningar hafa haft í för með sér að lögini eru ýmist sniðgengin eða þau hafa leitt til verulegra óþæginda fyrir nemendur og beinan aukakostnað fyrir rekstrar- aðila skólans. Sérstaklega á þetta við þar sem um heimavistarskóla er að ræða og aka þarf nemendum sérstaklega til dvalar 1—2 nætur í stað fimm daga vistunar. Því er hér lagt til að veitt verði því sem næst tveggja vikna jólaleyfi samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins hverju sinni.

Gert er ráð fyrir að leyfis dagar verði tilkynntir árlega í upphafi hvers skólaárs með útgáfu sérstaks skóladagatala eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Ákvæði um páska leyfi er óbreytt.

Um 24. gr.

Í gildandi lögum eru sett tvö konar ákvæði um hámarksfjölda nemenda í skólum, þegar frá eru taldir nemendur sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla. Í fyrsta lagi skal meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla ekki fara yfir 28 og í öðru lagi að nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild skal ekki fara yfir 30.

Með ákvæðum þessum hefur löggjafinn ákveðið hver skuli vera mestur fjöldi nemenda í bekkjardeild. Í því felst þó ekki nein stefnumörkun um það hvert skuli vera almennt meðaltal nemenda í bekkjardeildum. Það liggur ljóst fyrir að fjöldi nemenda í bekkjardeild verður til jafnaðar mun lægri en hámarkstölur segja til um. Verulegur ágreiningur er um það hversu náð samband er milli námsárangurs og bekkjarstærðar. Sá námshópur sem þó virðist að öðru jöfnu vera heppileg meðaltalseining á grunnskólastigi er 24 nemenda bekkjardeild. Annars vegar er slíkur meðaltalshópur, undir venjulegum kringumstæðum, ekki of stór til að unnt sé að sinna hverjum einstaklingi, auk þess sem sú bekkjarstærð er heppileg til ýmiss konar skiptikennslu. Hins vegar nýtist fjármagn til kennslumála einna best, þegar meðaltalsbekkjarstærð verður ekki öllu minni en 24 nemendur.

Í tillögum þessum er því sett fram sú viðmiðunartala að meðaltal nemenda í bekkjardeild hvers grunnskóla sé 24, þar sem slíku verður við komið.

Um 25. gr.

Breytingin er gerð til samræmis við ákvæði 48. gr., sbr. 26. gr. þessa frv.

Um 26. gr.

Reynslan hefur sýnt að unnt er að koma við samkenndu með góðum árangri í 7.—9. bekk ekki síður en öðrum bekkjum grunnskóla, en núverandi ákvæði koma í veg fyrir slíka kennsluskipan. Þó er kveðið á um að nemendafjöldi í aldursflokkum 8. og 9. bekkjar sé ekki minni en 12.

Um 27. gr.

Mikilvægt er að kennarar eigi hlut að ákvörðunum sem teknar eru um nemendur er njóta eiga sérkennslu.

Um 28. gr.

Hér er lögð sérstök áhersla á þá stefnumótun að námsmatið sé hluti af náminu og í þágu nemandans sjálfs en ekki til röðunar í flokka og þess vegna lögð áhersla á að hann fái stöðuga vitneskju um hvernig honum vegnar og hver námsárangur hans sé miðað við markmið námsskrár.

Um 29. gr.

Ákvæði um stöðluð próf eru felld brott þar eð þau hafa ekki reynst raunhæf. Ekki þykir heldur rétt að binda í lögum að prófa skuli í tilteknum greinum.

Um 30. gr.

Greininni er breytt til samræmis við breytingar á 29. gr. frv.

Um 31. gr.

Þau atriði sem kveðið er á um í 60. gr. laganna eiga tvímælalaust frekar heima í reglugerð.

Um 32. gr.

Gerðar eru nauðsynlegar orðalagsbreytingar á greininni.

Um 33. gr.

Framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðipjónustu er komin vel á veg í ýmsum fræðsluumdæmum landsins.

Fellt er niður að binda í lögum heimildarákvæði um að fræðsluráð, tvö eða fleiri, geti sameinast um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu. Í stað þess er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið geri í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um skipan þessara mála á þeim grundvelli, að hvert fræðsluumdæmi eigi aðgang að þjónustu í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Víða á landinu starfar forskóli fyrir 6 ára börn í tengslum við grunnskólann. Frv. gerir ráð fyrir heimild til að ráðgjafar- og sálfræðipjónusta taki einnig til nemenda á forskóla- og framhaldsskólaaldri, þegar þörf er á vegna varnaðarstarfa eða eftir meðferðar.

Heimildarákvæði um þjónustu ráðgefandi læknis er haldið eins og í gildandi lögum, en það gert rýmra að því leyti, að það getur einnig tekið til annarra sérfræðinga en lækna.

Ekki þykir rétt að lögbinda hver skuli vera lágmarksþjónusta ráðgjafar- og sálfræðideilda, heldur verði það ákveðið með reglugerð.

Um 34. gr.

Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða frá gildandi lögum, nema hvað aukin áhersla er lögð á, að ráðgjafar- og sálfræðipjónusta verði sem mest samþætt starfi grunnskóla og skipulögð í samvinnu við starfslíð skólanna.

Um 35. gr.

Réttur til að sitja fundi fræðsluráðs og skólanefndar er í frv. miðaður við einn fulltrúa frá hverri ráðgjafar- og sálfræðideild. Í gildandi lögum hafa allir starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustunnar rétt til fundarsetu. Framkvæmdin hefur þó jafnan í reynd verið þannig, að fulltrúi starfsmanna hefir setið fundina en ekki allt starfsfólkið.

Um 36. gr.

Greinin fjallar um að menntamálaráðuneytið hafi með höndum yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðipjónustunnar og um skyldur og frumkvæði ráðuneytisins að því er varðar leiðbeiningar, umsjón og eftirlit svo og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustu og skólamál.

Um 37. gr.

Ákvæði um hvaða sérfræðingar skuli vinna við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu og hvaða sérmenntun þeir skuli hafa eru í 66. og 71. gr. gildandi laga. Í frv. eru menntunarkröfur að því er varðar sálfræðinga og félagsráðgjafa sambærilegar við gildandi lög.

Breyting er, að gert er ráð fyrir að ráða megi uppeldisfræðinga til ráðgjafar- og sálfræðipjónustu. Ákvæði eru í frv. um að með reglugerð skuli kveða á um, hvaða kröfur skuli gera um menntun uppeldisfræðinga og sérkennara, svo og annarra kennslufræðilega sérmenntaðra starfsmanna, sem starfa kunna sem ráðgjafar, sbr. 33. gr. frv. Eðlilegt virðist varðandi kröfur til sérfræðimenntunar að þær verði sambærilegar hvað sálfræðinga og uppeldisfræðinga varðar og á sama hátt hvað félagsráðgjafa og sérkennara varðar.

Um 38. gr.

Við setningu grunnskólalaga 1974 voru felld úr frv. ákvæði um ráðningu skólaráðgjafa, sem starfa skyldu í 7.—9. bekk grunnskólans.

Reynslan hefur leitt í ljós, að brýn þörf er fyrir námsráðgjöf og starfsfræðslu á unglingsstigi og þó einkum fyrir nemendur 9. bekkjar, sem við lok grunnskólans þurfa að taka ákvarðanir um val framhaldsnáms og þess framtíðarstarfs, sem þeir með náminu ætla að búa sig undir.

Í þessari gr. frv. er gert ráð fyrir heimild til að ráða skólaráðgjafa. Námsráðgjöf og starfsfræðsla er þó ennþá engan veginn fullmótuð og fátt sérmenntaðs starfsfólks til að veita þessa þjónustu. Hlýtur því að taka nokkur ár, að hún komist að fullu til framkvæmda.

#### Um 39. gr.

Bætt er í 72. gr. laganna ákvæði um stofnun kennslu- og skólasafnamiðstöðva í fræðsluumdæmum svo og um ráðningu skólasafnvarða.

Kennslu- og skólasafnamiðstöðvar í fræðsluumdæmum myndu veita skólunum margháttada kennslufræðilega þjónustu, samhæfa innkaup þeirra í kennslutækjum og námsgögnum og annast útlán þeirra eftir því sem henta þætti.

Að því er varðar skólasafnsverði þá er gert ráð fyrir að þeir verði ríkisstarfsmenn.

#### Um 40. gr.

Vitnað er til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu.

#### Um 41. gr.

Hér er gert ráð fyrir að 9 ára skólaskylda komi til framkvæmda haustið 1984, hafi Alþingi ekki innan þess tíma ákveðið annað.